



Lista- og menningarráð

Kópavogi, 22. nóvember 2021
2106585/240.03 BÓK

Vettvangsferð – útilistaverk og undirgöng við Hamraborg

Á fundi lista- og menningarráðs 15. júní 2021 var farin vettvangsferð og eftirfarandi erindi sent umhverfissviði að henni lokinni:

Eftir vettvangsferð um undirgöngin við Hamraborg óskar lista- og menningarráð eftir því að skipulagssvið geri úttekt og kostnaðarmat á annars vegar standsetningu ganganna þannig að núverandi útlit haldi sér og hins vegar kostnaðarmat og greiningu á því hvernig hægt væri að nýta göngin fyrir listviðburði á borð við sýningar eða gjörninga með því að bæta aðgengi og lýsingu.

Undirgöngin voru byggð í kringum 1975 og voru hugsuð sem tenging gangandi vegfarenda við skiptistöð strætisvagna Kópavogs, sem var þar sem nú er Digranesvegur 1. Þegar skiptistöðin var aflögð og rifin var göngum til vesturs lokað, þar sem ekki reyndist mögulegt að halda þeim við vegna sífеллра skemmdarverka. Tengingu undir Digranesveginn frá Fannborg og niður í Vogatungu var haldið opinni.

Vesturgöngin eru lokað við Digranesveg 1 með rimlahliði fyrir ofan mjóan stíga og í hinum enda er göngum lokað með hlöðnum múruðum vegg. Gólf, veggir og þak undirganga er óeinangrað og allir innviðir vesturhluta ganganna eru ónýtir, svo sem ljós, rafmagn, hitalagnir í gólfi, ofanljós og tröppur. Vestur göngin eru nú nýtt að einhverju leiti sem geymsla einnig var skolplögn frá Digranesvegi 1 lögð utaná vegg ganganna að stofnlögn sem liggur niður í Vogatungu. Lágt er til lofts í undir - göngunum um 2,4 m.

Niðurstaða:

Til að gera rými aðgengilegt almenningi sem sýningaraðstaða, þá þarf rýmið að uppfylla lög og reglugerðir um slík rými og má þar nefna starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, byggingareglugerð, aðgengi fyrir alla, kröfur um loftgæði og lýsingu, hreinlætisaðstaða, einangrunar - og brunakröfur ofl.



Til þess að undirgöngin uppfylli ofangreindar kröfur, sem gerðar eru til sýningaraðstöðu, yrði kostnaður við slíkar breytingar að öllum líkindum meiri en kostnaður við nýbyggingu af sambærilegri stærð og ekki gefið að slík breyting sé möguleg og náist að uppfylla gerðar kröfur.

Lagt er til að fundin verði annar og betri staður til sýningarhalds og listviðburða.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is



Virðingarfyllt,

Berglind Ósk Kjartansdóttir
Skrifstofustjóri umhverfissviðs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026